

25. mars 2020

EFNI: Umsögn frá Myndstef vegna frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (mannvirki), 456. mál.

Myndstef hefur fengið til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (mannvirki), 456. mál.

Myndstef setur verulegar athugasemdir við efni frumvarpsins, en í greinargerð þeirri sem fylgir frumvarpinu virðist gæta misskilnings á efni höfundaréttar arkitekta í íslenskum rétti, og þeirri meginreglu um einkarétt höfundar til að gera eintök af verkum sínum og gera aðgengilegt almenningi, í upphaflegri eða breytttri mynd. Myndstef vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

II. kafli höfundalaga

Frumvarpið leggur til að orðalagi 1.mgr. 13. gr. sé breytt þannig að orðin „*að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum*“ falli brott.

Takmarkanir á höfundarétti er að finna í II. kafla höfundalaga sem takmaka einkarétt höfundar. Hefur löggjafanum þótt slíkar takmarkanir nauðsynlegar út frá tíma, tækni, einkanotum og öðrum siðferðislegum sjónarmiðum. Þetta eru undantekningar á höfundarétti höfundar og ber að skýra **þröngt**.

Það er nú þegar til staðar takmörkun á rétti arkitekta í höfundalögum, sbr. nógildandi 13. gr. laganna:

Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

Ákvæði þetta hefur staðið óbreytt frá setningu höfundalaga árið 1972. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir um 13. gr.:

Höfundur hefur samkvæmt 3. gr. einkarétt til að gera breytingar á verki sínu, og í 4. gr. er bannað að breyta verki þannig, að skert geti höfundarheiður eða höfundarsérkenni þess, sem það hefur skapað. Þegar listaverk er einungis gert til skrauts eða listnautnar, er auðvelt að koma þessum reglum, við, en öðru máli gegnir, þegar það hefur jafnframt nytjagildi. Þá getur verið, að afnot þessi hafi í för með sér nauðsyn á breytingum. Getur það leitt til hagsmunaárekstrar á milli eiganda og höfundar. Að því lúta ákvæði greinar þessarar.

Um 1. málsgr. Hér ræðir um verk, sem verndar njóta eftir reglum um byggingarlist. Um breytingar ber að hafa í huga, að verndin nær aðeins til hins listræna forms verksins, og eru ýmsar aðgerðir á mannvirkinu óháðar því, t. d. að jafnaði breytingar á herbergjaskipun innan húss. En þegar breytingin hefur áhrif á hið listræna form, verður að meta hverju sinni, hvort meira má sín tillitð til hagsmuna höfundar, og þá einkum réttar hans eftir 4. gr., eða tillit til hagsmuna eiganda, sem venjulega eru fjárhagslegs eðlis. Við matið kemur m. a. til greina, hvort eiganda er unnt að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti, og hver kostnaðarauki honum yrði að því. Ekki er réttur eiganda samkvæmt 1. málsgr. við það bundinn, að nota eigi mannvirkid eftir upphaflegu hlutverki þess.

Telur Myndstef koma ágætlega fram í greinargerðinni hvaða skilyrði takmörkunin er háð, og við hvaða aðstæður eiganda sé heimil breyting, hvers konar mat skal fara fram og að einungis sé átt við listrænt form verksins.

Teikningar og hönnun

Misskilnings virðist gæta í frumvarpinu á hvaða hátt byggingarlist, eða hönnun, sé vernduð. Í frumvarpinu segir: „Þegar mannvirki eru hönnuð á hugverkarétturinn að gilda um hönnunina en ekki um mannvirkid sjálf. Það er hægt að virða þann hugverkarétt án þess að takmarka verulega umráðaheimildir eiganda mannvirkis. Hægt er að varðveita myndir, teikningar og tölvugögn um hönnunina og tryggja að þau glattist ekki.“

Höfundarétturinn gildir um listrænt form verksins, eins og kemur fram í upphaflegri greinargerð með höfundalögum. Arkitektúr (byggingarlist) er sérstaklega verndað sem verk skv. lögnum, sbr. 2. mgr. 1. gr. höfundalaga, en að sama skapi njóta uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, verndar með sama hætti og bókmenntaverk. Þannig er listrænt form byggingar varðveitt, að því tilskildu að það nái verkshæð og standist frumleikastig höfundaréttar. Hið sama á við um hönnun. Að auki geta teikningar og myndir hlotið vernd, að sömu skilyrðum uppfylltum, og gildir slík vernd þá samhliða vernd hönnunar eða byggingarlistar.

Myndstef er sammála því að hægt sé að virða höfundarétt arkitekta, án þess að takmarka verulega umráðaheimildir eiganda mannvirkisins, og eins og þegar hefur komið fram þjórnar 13. gr. höfundalaga ágætlega þeim tilgangi eins og hún er sett fram í dag.

Að varðveita myndir, teikningar og tölvugögn um hönnun er alltaf gott mál, og styður Myndstef þá vinnureglu heilshugar. Hins vegar réttlætir slík athöfn það ekki að skerða höfundarétt enn frekar en II. kafli laganna nær til, eða til þess að brjóta á höfundaréttinum.

Samanburður við tónlist

Í frumvarpinu er gerður samanburður á notkun tónlistar og byggingarlistar á þennan hátt: „Það er hins vegar ekki þörf á því þegar sú hönnun er nýtt að þá leggist á það tiltekna mannvirki ýmsar kvaðir. Ekki er gert að skilyrði þegar tónverk er flutt að aðeins megi flytja það með þeim hljóðfærum sem höfundur þess tilgreinir eða í þeirri tóntegund.“

Núgildandi höfundalög gera ekki kvaðir á byggingarlist eða notkun hennar. Eina skilyrðið er að höfundaréttur arkitektsins sé virtur, og að breytingar feli ekki í sér brot á þeim rétti, nema takmörkun II. kafla eigi við. Það tónlistardæmi sem er nefnt hér á ekki við í þessu samhengi, þar sem breyting á hljóðfæraskipan eða breyting á tóntegund verksins felur ekki í sér breytingu á listrænu formi eða gildi verksins. Hins vegar ef tónverkið er stytt, klipptir bútar úr því, bætt við viðlögum eða erindum breytt, texta breytt eða e-ð þvíumlíkt, er um breytingu að ræða sem lýtur reglum höfundaréttar. Við slíkar breytingar þarf samþykki tónhöfundar.

Hið sama á við um byggingarlist, nema takmörkun á réttindum höfundar er enn víðtækari vegna núgildandi 13. gr. Þannig er talið heimilt að gera þær breytingar á ýmiss konar útfærslu byggingar, td herbergjaskipun, lýsingu, viðhalds, efnis osfrv., en auk þess er einnig heimilt að gera breytingar að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

Niðurlag

Myndstef leggur til að frumvarpið fari ekki í gegn, amk ekki í óbreyttri mynd miðað við orðalag í greinargerð. Hins vegar getur vel verið tilefni til að gera skýrari þær reglur sem gilda um hagsmunamat eigenda og höfundar við breytingar byggingarlistar, þannig að settar verði á skýrari reglur (jafnvel í reglugerð?) sem meta hverju sinni, hvort meira má sín tillitið til hagsmuna höfundar, og þá einkum réttar hans eftir 4. gr., eða tillit til hagsmuna eiganda, sem venjulega eru fjárhagslegs eðlis.

Virðingarfyllst, og fyrir hönd Myndstefs

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir,

Lögfræðingur Myndstefs